

Málþing um vatns- og fráveitumál

Haldið af Vatns- og Fráveitufélagi Íslands (VAFRÍ)

Þriðjudag 8. apríl 2014, kl. 15:00-16:30

Stofa HT-101 í Háskólatorgi, Háskóla Íslands

Markmið málþingsins er að fræðast um ný verkefni á sviði vatns- og fráveitumála.

15:00-15:10

Setning fundar og kjör fundarritara

15:10-15:35

Reynir Sævarsson, fagstjóri vatns- og fráveitna, EFLU:

Hreinsun frárennslis á köldum svæðum



Greint verður frá kortlagningu á helstu aðferðum í líffræðilegri hreinsun frárennslis sem eru í notkun erlendis aðrar en þær hefðbundnu sem krefjast mikils vélbúnaðar. Aðferðir eins og tjarnahreinsun, jarðefnasíun og votlendishreinsun eru almennt taldar ódýrari en vélrænar aðferðir og hafa sýnt góða skilvirkni. Verkefnið var styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna 2013.

15:35-16:00

Sveinn Þórólfsson, prófessor NTNU:

Orka í vatns- og fráveitum



Alþjóðadagur vatnsins 2014, 22 mars, er tilhelgaður samspili vatns og orku, og nýjum leiðum til að tryggja orku og endurnýjun vatns. Fjallað verður um orkusparnað og leiðir til framleiðslu á orku í vatns- og fráveitum, t.d. beislun vatnsorku í kerfum með miklum vatnsþrýstingi, nýtingu hita, framleiðslu metangass úr seyru, og virkjun sólar- og vindorku. Litið verður til Norður Evrópu og Noregs, þar sem talið er að megi spara megi 20-30% af orkunotkun.

Í kjölfar málþingsins mun Vatns- og Fráveitufélag Íslands (VAFRÍ) halda aðalfund.

Fundarstjóri: Sigurður Magnús Garðarson,
deildarforseti umhverfis- og byggingarverkfræðideildar, Háskóla Íslands

Allir eru velkomnir!

VAFRÍ

